

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Samherji fiskeldi ehf. Stað, Grindavík



Dags eftirlits	23.7.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Auður Eyberg Helgadóttir
Fyrirtæki	Samherji fiskeldi ehf.	Eftirlitsmaður	Auður Eyberg Helgadóttir
Heimili	Stað í Grindavík	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	610406-1060	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Hjalti Bogason	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Guðmundur Einarsson	Staðsetning	326207,593 372914,582

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik komu fram í eftirlitinu: 1) Ein efnageymsla af þremur var ekki með lekabyttu. Eitt frávik var enn þá opið frá síðasta eftirliti: 1) Seiðaeldislögn uppfyllir ekki kröfur í 2. tl. 9 gr. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999, 2. tl. 9. gr. Enn á eftir að framlengja seiðaeldislögn út fyrir brimvarnargarðinn. Umhverfisstofnun óskar eftir nýrri úrbótaáætlun.

Fjórar ábendingar voru gerðar: 1) Rekstraraðila var bent á ákvæði í 41. grein reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, kröfur til neyslugeyma. „Afgreiðsluplan tengt í olíuskilju skal vera við neyslugeyma til afgreiðslu á bifreiðar“. 2) Rekstraraðila var bent á að bæta verklag í kringum sýnatökur og taka líka sýni í innrennsli, þar sem fosfór mæling bendir til að losun hafi verið yfir mörkum. 3) Rekstraraðila er bent á að íhuga hreinsun á frárennsli þar sem losun út frá fóðri er nálægt losunarmörkum eða 8,7 kg P/tonn. 4) Rekstraraðila var bent á að gæta samræmis í ársyfirliti, útstreymisbókhaldi og grænu bókhaldi.

### UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Rekstraraðila er heimilt að framleiða í stöðinni árlega allt að 3.000 tonnum af laxi eða bleikju (að hámarki 3.000 tonn af lífmassa á hverjum tíma). Rafrænn fundur fór fram 13. ágúst 2024.

Boðað umfang eftirlitsins var:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skil samkvæmt því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna

1. Eitt frávik kom fram í eftirliti árið 2023. Seiðaeldislögn uppfyllir ekki kröfur í 2. tl. 9 gr. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp um að öllu skólpi sem veitt er til sjávar skuli veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Enn á eftir að framlengja lögnina og því er eldra frávik enn opið. Ein ábending var sett fram í eftirlitinu, rekstraraðila var bent á ákvæði í 41. grein reglugerðar um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, kröfur til neyslugeyma. „Afgreiðsluplan tengt í olíuskilju skal vera við neyslugeyma til afgreiðslu á bifreiðar“.

2. Áhættumat var kynnt fyrir fulltrúum rekstraraðila.

3. Rekstraraðili er með umhverfismarkmið. Útstreymisbókhaldi og grænu bókhaldi var skilað inn fyrir 1. maí sl. En rangur heildarlífmassi var skráður í skjölin. Umhverfisstofnun barst leiðrétt bókhald 13. ágúst 2024.

4. Framleiðsla árið 2023 var 1.616 tonn og var því framleiðslan undir leyfilegum hámarks lífmassa. Fóðurnotkun árið 2023 var 2.150 tonn, fóðurstuðull er því 1,28. Útreikningar á heildarlosun fosfórs út frá fóðri var 8,7 kg P/tonn sem er innan marka samkvæmt gr. 3.4. í starfsleyfi, mörkin eru 9,0 kg P/tonn. Þar sem útreikningar út frá fóðri eru nálægt mörkum er rekstraraðila bent á að íhuga hreinsun á frárennsli. Út frá sýnatöku reiknast losun á fosfór 9,36 kg/P tonn. Ekki var núllpunktur tekinn í sýnatökum, sem sagt

innrennsli. Lagt var til betra verklag við sýnatökur.

5. Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar sem og neyðaráætlun vegna tímabundinnar eða varanlegrar stöðvunar reksturs er til staðar.

6. Útisvæðið var snyrtilegt þrátt fyrir að miklar framkvæmdir eru á svæðinu, nokkur bretti voru í kringum húsnæðið sem þarf að farga á viðeigandi hátt.

7. Þrjár efnageymslur eru í stöðinni, tvær þeirra eru með efni sem eru geymd í læstri geymslu og á lekabyttum. Öryggisblöð voru aðgengileg í efnageymslu. Ein efnageymslan er ekki með lekabyttu og því er það frávik.

#### Frávik frá

#### Lýsing á frávik

#### **Gr 3.12 í starfsleyfi.**

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 888/2015. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Vantar lekabyttur í einn efnaskápinn.



## ÁBENDINGAR

Fjórar ábendingar voru gerðar: 1) Rekstraraðila var bent á ákvæði í 41. grein reglugerðar um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, kröfur til neyslugeyma. „*Afgreiðsluplan tengt í olíuskilju skal vera við neyslugeyma til afgreiðslu á bifreiðar*“. 2) Rekstraraðila var bent á að bæta verklag í kringum sýnatökur og taka líka sýni í innrennsli, þar sem fosfór mæling bendir til að losun hafi verið yfir mörkum. 3) Rekstraraðila er bent á að íhuga hreinsun á frárennsli þar sem losun út frá fóðri er nálægt losunarmörkum eða 8,7 kg P/tonn. 4) Rekstraraðila var bent á að gæta samræmis í ársyfirliti, útstreymisbókhaldi og grænu bókhaldi.

## ANNAÐ

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Reykjavík, 12.09.2024

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

---

Auður Eyberg Helgadóttir

